



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

64. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 22. janúar 2016, kl. 15:00, á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Sigurður Guðmundsson og Bjarni Torfi Álfþórsson boðuðu forföll. Einnig sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, boðaði að hann yrði seinn og því setti varaformaður Sverrir Óskarson fundinn og stýrði fyrsta lið.

1. Heiðmörk og Sandahlíð – breyting á aðalskipulagi Garðabæjar og tillaga að deiliskipulagi / málsnr.1512004

Erindi frá skipulagsstjóra Garðabæjar þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við forkynningu á aðalskipulagsbreytingu sbr. 2. mgr. 30 gr. skipulagslagsa nr. 123/2010.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd kallar eftir að áður en tillagan er auglýst sé gerð greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni sem dregur fram hverju er verið að breyta. Í þeirri greinargerð þarf að koma fram að verið sé að innleiða ný vatnsverndarmörk í samræmi við Höfuðborgarsvæðið 2040 og að reglur heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015 gilda um þau verndarsvæði. Í greinargerðinni þarf einnig að vera umfjöllun um Græna trefillinn og Græna stíginn og samræmi við aðliggjandi sveitarfélög.

Með hliðsjón að ályktun samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu um Heiðmerkurveg, dags. 18. desember 2015, leggur svæðisskipulagsnefnd til að með auglýstri tillögu að deiliskipulagi Heiðmerkur verði gerð sérstaklega grein fyrir samræmi tillögunar við skipulagsáform í landi Reykjavíkur. Huga þarf sérstaklega að umferðarmálum og að hægt sé að loka Heiðmerkurvegi og/eða gera aðrar nauðsynlegar umferðarstýringar

sé ljóst að almenn umferð ógni vatnsvernd á svæðinu.

2. Breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar og deiliskipulag Kauptúns / málsnr. 1510006

Erindi frá skipulagsstjóra Garðabæjar þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar við forkynningu á aðalskipulagsbreytingu sbr. 2. mgr. 30 gr. skipulagslagsa nr. 123/2010.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd kallar eftir að áður en tillagan er auglýst verði unnið ítarlegra mat á áhrifum aukins byggingarmagns á svæðinu á umferð. Í því mati er brýnt að horfa til stærra svæðis og því svarað hvernig umferð á stofnvegakerfinu kunni að breytast frá því sem fram kemur í umferðarspám svæðisskipulagsins.

Jafnframt bendir nefndin á nauðsyn þess að horft sé heildstætt á samgöngur og að hugað verði að öllum ferðamátum þannig að markmið svæðisskipulagsins um breyttar ferðavenjur gangi eftir.

Svæðisskipulagsnefnd telur rétt að í næsta áfanga þróunaráætlunar verði lagt mat á þörf fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu sbr. aðgerð 3.1.3 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

3. Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, nýr kirkjugarður í Úlfarsfelli / málsnr. 1601003

Erindi frá deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags Reykjavíkur þess efnis að drög að tillögu að breytingu á aðalskiplagi Reykjavíkur 2010-2030 sbr. 2. mgr. 30 gr. skipulagslagsa nr. 123/2010

Niðurstaða:

Það er mat svæðisskipulagsnefndar að málsmeðferð aðalskipulagsbreytingarinnar falli undir 3. stig. Horft hefur verið til uppbyggingar kirkjugarðs í Úlfarsfelli í aðalskiplagi Reykjavíkur 2010-2030.

Svæðisskipulagsnefnd hvetur Reykjavíkurborg til að huga að tengslum nýs kirkjugarðs við græna trefilinn og útivistarsvæðis við Úlfarsfell í skipulagsvinnunni líkt og kemur fram í fylgiriti 8 með Höfuðborgarsvæðinu 2040. Þar væri skoðað sérstaklega hvernig kirkjugarðurinn geti haft hlutverk í græna vef höfuðborgarsvæðisins.

4. Sameiginleg sýn á reiðhjólástíga á höfuðborgarsvæðinu og önnur innleiðingarverkefni svæðisskipulagsins

Þorsteinn Hermannsson hjá verkfræðistofunni Mannvit kynnti verkefni sem tengjast hjólreiðastigakerfi á höfuðborgarsvæðinu m.a. vinnu sem nýskipaður hópur með fulltrúum allra sveitarfélaganna er að fara af stað með og snertir samræmingar í merkingum hjólaleiða.

Vegna tímaskort var ákveðið að fresta umræðu um önnur innleiðingarverkefni til næsta fundar.

5. Breytingar á vatnsverndarsvæðum svæðisskipulagsins

Hrafnkell greindi frá starfi samráðshóps vatnsverndar og nýtingar. Hópurinn hefur m.a. verið að skoða hvort rétt sé að hliðra fyrirhuguðum vatnstökustað við Fossvallaklif sem myndi hafa áhrif á vatnsverndarsvæðin sem skilgreind eru í svæðisskiplaginu.

Einnig var greint frá samtali við Skipulagsstofnun um hvaða þýðingu frestun á gildistöku vatnsverndar í Mosfellsbæ þýði og með hvaða hætti umgangast þarf

aðalskipulag Mosfellsbæjar á meðan bærinn er að kanna með hvaða hætti er best að standa að vatnstöku.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að undirbúa breytingar á skipulagi vatnsverndar við Fossvallaklif í samvinnu við Mosfellsbæ og viðkomandi heilbrigðisnefnd. Einnig er svæðisskipulagsstjóra falið að móta leiðbeiningarblað um breytingu á vatnsverndarsvæðum þar sem fram komi hvernig ferlið er, hvaða aðilar þurfa að koma að samþykkt og hverjir séu nauðsynlegir umsagnaraðilar. Svæðisskipulagsnefnd beinir því til samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu að hópurinn setji fram skýringar á stöðu vatnsverndarsvæða í Mosfellsdal.

6. Önnur mál

Borghildur benti á að gagnlegt væri að svæðisskipulagsnefnd hitti stjórn Strætó bs. Nefndarfolk sammála um að halda fund með stjórn Strætó bs. þar sem spjótum yrðu beint að seinni áfanga þróunaráætlunar og Borgarlínu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.